



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tillögur varðandi dagforeldrakerfið

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 21. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Á fundi borgarráðs 6. október sl. var lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs, dags. 30. september 2022, varðandi uppbyggingarverkefni í leikskólamálum. Þetta minnisblað var einnig tekið til umfjöllunar á fundi skóla- og frístundaráðs 17. október síðastliðinn. Eitt umfjöllunarefni minnisblaðsins laut að úrræðum sem hefðu það að markmiði að styrkja dagforeldrakerfið (svokölluð tillaga 5 í minnisblaðinu). Hver er staðan á þessum tillögum sem ætlað er að efla dagforeldrakerfi?

Svar:

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. maí 2023, fór fram kynning og umræða um málefni dagforeldra þar m.a. voru kynntar tillögur um úrræði vegna dagforeldramála.

Á fundi borgarráðs, 15. júní 2023, voru tillögur um úrræði vegna dagforeldramála lagðar fram og samþykktar.